



Öndunarfærasýkingar

Vikur 12–13


18. – 31. mars 2024

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir


Inflúensa

Inflúensa er enn í dreifingu en tilfellum fer fækkandi. Í viku 12 greindust 27 einstaklingar með **staðfesta inflúensu** og fjöldinn var 22 í viku 13 (mynd 1). Öll þau sem greindust með staðfesta inflúensu í vikum 12 og 13 voru með inflúensustofn A.

Fjöldi **klínískra greininga** á inflúensu eða „flensu“ (greiningar læknis án rannsóknar með PCR-prófi) hefur sveiflast frá upphafi árs en virðist nú vera á niðurleið. Í viku 12 greindist 21 einstaklingur með inflúensulík einkenni og 12 einstaklingar greindust í viku 13 (mynd 2).



Mynd 1. Fjöldi einstaklinga með staðfesta inflúensu eftir vikum veturinn 2023–2024 og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfalli af inflúensu.




Mynd 2. Vikulegur fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum veturinn 2023–2024.

COVID-19, RSV og aðrar öndunarfærasýkingar


Fá tilfelli greinast nú af **COVID-19 (SARS-CoV-2)**. Í vikum 12 og 13 greindust tveir einstaklingar í hvorri viku með COVID-19 (með PCR-prófi eða klínískri greiningu). Hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa var 0,5% (mynd 3).

Greiningum á **RS-veirusýkingu (RSV)** hefur fækkað frá áramótum. Í vikum 12 og 13 greindist einn einstaklingur í hvorri viku með RSV (mynd 4), þar af eitt barn undir eins árs aldri.

Algengustu öndunarfæraveirurnar, aðrar en SARS-CoV-2, inflúensa og RSV, sem greindust í vikum 12 og 13 voru parainflúensa, human metapneumoveira og kórónuveirur aðrar en SARS-CoV-2. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæreveirum má finna á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#) (undir veirugreiningar).



Mynd 3. Vikulegur fjöldi einstaklinga sem greindist með COVID-19, annaðhvort með PCR-prófi eða klínískri greiningu (vinstri ás), og hlutfall jákvæðra COVID-19 PCR-prófa af heildarfjölda prófa (hægri ás) veturinn 2023–2024 (frá viku 35 2023, um mánaðamótin ágúst–september).



Mynd 4. Vikulegur fjöldi greindra RS veirusýkinga veturinn 2023–2024.

Mislingar og hettusótt


Í viku 5 2024 (byrjun febrúar) **greindist eitt tilfalli af mislingum**, það fyrsta hér á landi síðan árið 2019. Annað tilfalli hefur ekki greinst.

Í viku 5 **greindist einnig tilfalli af hettusótt**, það fyrsta héraendis síðan árið 2020. Í viku 7 **greindust þrjú tilfalli hettusóttar til viðbótar** og í vikum 8 og 9 greindust fimmta og sjötta tilfallið og það sjöunda í viku 10. Tengsl eru á milli allra þessara einstaklinga. Ekki hafa fleiri tilfalli greinst til viðbótar við þessi sjö þegar þetta er birt. Sjá frekari upplýsingar um **mislinga** og **hettusótt** á vef embættis landlæknis.

Bólusetning er besta vörnin gegn mislingum og hettusótt. Bóluefnið er MMR bóluefni (gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum) sem veitir langtíma vörn gegn sjúkdómunum og er öruggt bóluefni. Þau sem hyggja á ferðalög erlendis á næstunni er ráðlagt að huga að bólusetningarstöðu sinni og barna sinna vegna *mislinga*. Sjá **frétt á vef embættis landlæknis um fjölgun mislingatílfella í Evrópu**. Hægt er að fá frekari upplýsingar varðandi bólusetningar hjá heilsugæslu, á **netspjalli Heilsuveru** eða í síma 1700.

Innlagnir á sjúkrahús

Frá miðjum janúar hafa á bilinu 20–30 einstaklingar legið á Landspítala með eina af sex algengustu öndunarfæraveirusýkingunum í viku hverri. Í viku 12 voru 30 einstaklingar með öndunarfæraveirusýkingu inniliggjandi, þar af 13 með inflúensu. Í viku 13 voru 25 einstaklingar inniliggjandi, þar af 11 með inflúensu. Meirihluti þeirra sem lágu inni með inflúensu voru 65 ára eða eldri. Enginn lá inni með COVID-19 eða RSV í vikum 12 eða 13 (mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi innliggjandi einstaklinga með öndunarfærasykingar veturinn 2023–2024. Gögn frá Landspítala.

Samantekt

Inflúensa er enn í nokkuð stöðugri dreifingu en þó virðist sem tilfellum fari fækkandi. Langflest greind tilfelli af inflúensu þennan veturinn hafa verið af inflúensustofni A. Fáir greinast með COVID-19 og RSV um þessar mundir. Fjöldi inniliggjandi einstaklinga á Landspítala með öndunarferaveirusýkingar hefur lítið breyst undanfarnar vikur, en meirihluti þeirra hefur verið með inflúensu. Bæði mislingar og hettusótt hafa borist til landsins nýverið. Hingað til hafa sjö hettusóttartilfelli verið greind á þessu ári og eitt tilfelli mislinga.

Staðan í Evrópu

Tilfellum inflúensu fer fækkandi þó hún sé enn í talsverðri dreifingu. Fá tilfelli greinast af RSV og COVID-19 um þessar mundir.

Greiningar á mislingum **júkust margfalt í Evrópu á árinu 2023** eftir fækkun tilfella á tímum COVID-19 faraldursins. Flest tilfelli voru meðal barna yngri en 5 ára. Stórar hópsýkingar hafa brotist út, m.a. í Bretlandi, Austurríki, Rúmeníu og Frakklandi en í flestum þessum löndum er bólusetningarþátttaka undir 95% markmiðinu. Meirihluti smitaðra var óbólusettur (75%). Í flestum löndum eru börn yngri en 12 mánaða ekki bólusett við mislingum. Sjá einnig frekari upplýsingar um stöðuna í Evrópu **á vef Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC)**. **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)** hefur einnig vakið athygli á aukningu mislinga í heiminum. Búist er við áframhaldandi aukningu á tilfellum mislinga í heiminum á næstu mánuðum.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra.

Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningar.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

